

## **Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Ívars árið 2021**

Starfsemi Ívars var aftur mjög óhefðbundin á árinu 2021 vegna Covid.

Við gátum hafið æfingar á nýju ári eftir 12. janúar en síðan varð aftur æfingahlé. Við gátum þó haldið úti æfingum frá miðjum apríl og fram á vor.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Hrafnakletti, Bolungarvík þann 24. febrúar. Stjórn félagsins var endurkjörin.

Engin íslandsmót voru haldin á árinu vegna Covid.

Í ljósi stöðunnar var ákveðið að fjárfesta í bocciasettum þannig að hver einstaklingur gæti haft sitt sett á æfingum og í keppni.

Fjárfesti Ívar í settunum og gerði síðan leigusamning við iðkendur þannig að hver iðkandi greiddi kr. 20.000 fyrir afnot af settinu sem verður síðan skilagjald ef settinu verður skilað inn í góðu ástandi.

Jafnframt fjárfestum við í nokkrum æfingatækjum til að nota á bocciaæfingum.

Þann 26. maí var haldið vorslútt fyrir alla iðkendur Ívars, byrjuðum við í salnum á Torfnesi þar sem farið var í boccia og nýju æfingartækin prófuð, síðan var farið upp á efri hæðina þar sem við fengum okkur pizzu og gos.

Um miðjan september hófust æfingar aftur í badminton, boccia og sundi.

Í stað hefðbundins fyrirtækjamóts Ívars í boccia héldum við í lok október innanfélagsmót/fyrirtækjamót Ívars. Kepptu iðkendur Ívars í nafni þeirra fyrirtækja sem styrktu okkur. Tókst þetta móti mjög vel og var ákveðið að halda aftur svona móti að ári.

Einnig var fyrirtækjum boðið uppá að kaupa tertur með kaffinu og voru nokkur fyrirtæki sem gripu það tækifæri.

Endaði árið hjá okkur frekar slitrótt með boccia og badmintonæfingarnar þar sem föstudagsæfingum var ítrekað felldar niður vegna leikja en síðasta æfing fyrir jól var haldin á laugardeginum 18. des. og á þeirri æfingu afhentum við smá jólaglaðning ( gjafabréf í bíó)

Og á mánudeginum 20. des. Var síðasta sundæfingin fyrir jól, á henni var haldið innanfélagsmót Ívars í sundi og afhentur jólaglaðningur á eftir.

Dósasöfnun af togurunum hefur verið hætt þar sem við misstum aðstöðu til að taka á móti dósunum og telja. Er þá lokið þeim fjáöflunarhluta sem hefur staðið yfir síðan á árinu 2003.

Fjáöflun vegna jólakorta hefur lagst af en við eignum enn nokkra pakka eftir sem við höfum verið að selja velunnurum.

Fyrir Covid seldum við merki og penna á kjörstað og spurning hvort hægt verði að taka upp aftur slíka sölu í sveitarsjónarkostningunum í maí.

Við eignum til lyklakippur og fjölnota kaffimál sem við gætum verið með til sölu.

Framundan er íslandsmót í sveitakeppni-boccia sem haldið verður á Akureyri í lok apríl og íslandsmót í sundi 50 m. laug sem haldið verður í Reykjavík 8. – 10. apríl.

Sundhópurinn mun væntanlega taka þátt í sundmóti á vorönninni.

Seinnipartinn í maí munu Þorsteinn Goði og Ómar keppa í badminton á Special Olympics festival í Danmörku en þessir leikar áttu upphaflega að vera í maí 2020.